

## AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 1026/2010  
um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

### 1. gr.

11. gr. breytist og orðast svo:

#### *Grunnfjárhæð.*

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að 157.493 kr. á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning um húsnæðið.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 236.240 kr. ( $157.493 : 2 = 78.747$ .  $157.493 + 78.747 = 236.240$ ).

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er 132.696 kr.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er 78.747 kr. ( $157.493 : 2$ ). Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur 132.696 kr. á mánuði.

Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði sé mætt með greiðslu vaxtabóta og húsaleigubóta en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

Unglingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

### 2. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru í borgarráði 22. desember 2011 að fengnum tillögum velferðarráðs, eru byggðar á 21. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, og taka gildi við birtingu.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 28. desember 2011.*

**Jón Gnarr.**